

REGLUGERÐ

49

3. marz

um skömmtun á erlendu smjöri.

1. gr.

Bannað er að selja erlent smjör, nema gegn serstökum seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Hverjum manni skal afhentur skömmtunarseðill fyrir tveimur enskum pundum (2×453 g) af erlendu smjöri þegar reglugerð þessi kemur í gildi, og gildir hann til 1. júlí 1945.

Bannað er að selja eða láta af hendi skömmtunarseðil eða aðra innkaupaheimild fyrir peninga eða önnur verðmæti.

Nánari reglur um fyrirkomulag úthlutunarinnar setur skömmtunarskrifstofa ríkisins.

3. gr.

Mjólkursamsalan í Reykjavík hefur með höndum heilðsölu smjörsins, og skal hún halda nákvæma skrá um sölu þess til smásala og senda afrit af þeirri skrá vikulega til skömmtunarskrifstofu ríkisins. Mjólkursamsalan taki kvittun frá smásölum fyrir móttöku smjörsins.

4. gr.

Hver smásöluverzlun skal mánaðarlega senda skömmtunarskrifstofu ríkisins alla þá skömmtunarseðla, sem selt hefur verið samkvæmt í mánuðinum á undan, ásamt skýrslu um innkaup og birgðir.

5. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið rannsaka smjörbirgðir allra verzlana.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 kr., og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. marz 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.